

## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 17. janúar 2017 á Kjóavöllum.

### 3. fundur

Fundur hófst kl. 17:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Helga Hermannsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj. Berglind Guðmundsdóttir og Ragna Emilsdóttir boðuðu forföll.

Á þessum þriðja fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Magnús framkv.stj. ætlar að óska eftir fundi með Kópavogsbæ til að ræða götulýsingu við reiðvegi og götur í hverfinu.
2. Bæta þarf lýsingu við Samskipahöllina, Magnús framkv.stj. sér um framkvæmd.
3. Fyrirhugað er að flytja lokað hringgerðið (tunnu) sem staðsett er við Heimsenda á þann stað þar sem það er ekki við hliðina á reiðvegi. Funda þarf um málið með Kópavogsbæ, Magnús framkv.stj. boðar til fundar. Vegna slyshættu er full ástæða til að loka hringgerðinu þar til heppilegri staðsetning er fundin. Magnús framkv.stj. sér um að loka gerðinu.
4. Unnið er að uppsetningu á lyklakerfi fyrir reiðhöllina að Hattavöllum, ætti að vera hægt að taka í notkun fljótlega.
5. Sala á lyklum að Samskipahöllinni gengur vel, seldir hafa verið 92 lyklar.
6. Magnús framkv.stj. verður með opna viðtalstíma í vetur, þeir verða auglýstir á heimasíðu Sprettis.
7. Magnús framkv.stj. sendir upplýsingar um allar nefndir á stjórnarmenn og uppfærir skráningu á heimasíðu Sprettis
8. Ráðning bókara fyrir Sprett skoðuð, Kristín Njálisdóttir setur upp starfslýsingu í samráði við Magnús framkv.stj. og sendir á stjórnarmenn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15

Fundargerð ritaði Helga Hermannsdóttir